

Barna og ungmennaping

í Sveitarfélaginu Hornafirði

18. nóvember 2025

Samantekt á niðurstöðum

Fræðslu- og frístundasvið Hornafjarðar
Emil Örn Morávek
Þórgunnur Torfadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Málstofa 1: Gott skólastarf, góður skóli	3
Málstofa 2: Íþróttir, hreyfing, útsvæði og leikvöllir	5
Málstofa 3: Öryggi, umhverfi og skipulag	6
Málstofa 4: Félagslíf og viðburðir	7
Málstofa 5: Fjölskylda, vinir, heilsa, samskipti og samfélag	8
Málstofa 6: Atvinna	9

Inngangur

Á barna- og ungmennapingi sem haldið var í Sveitarfélaginu Hornafirði 18. nóvember var unnið í fjölmörgum hópum og voru þátttakendur um 300.

Boðið var upp á umræður um sex þemu eða málstofur. Þær voru

- Málstofa 1: *Gott skólastarf, góður skóli*
- Málstofa 2: Íþróttir, hreyfing, útisvæði og leikvelli
- Málstofa 3: Öryggi, umhverfi og skipulag
- Málstofa 4: Félagslíf og viðburðir
- Málstofa 5: Fjölskylda, vinir, heilsa, samskipti og samfélag
- Málstofa 6: Atvinna

Í hverri málstofu voru nokkrar spurningar sem leiddu þátttakendur áfram í umræðunni. Málstofurnar (þemun) og spurningarnar voru unnar út frá hugmyndum ungmennaráðs.

Hver hópur fékk að velja í hvaða röð hann tæki málstofurnar og ekki gert ráð fyrir að hóparnir kæmust yfir nema kannski 2-3 málstofur. Allir hóparnir völdu að fjalla um málstofur 1 og 2 en færri fjölluðu um hinar málstofurnar. Nokkrir hópar náðu umfjöllun um allar málstofurnar.

Samhliða barna- og ungmennapingi var unnið í fimm rýnihópum. Þeir voru valdir með tilliti til þess að gefa fámönnum hópum sterkari rödd. Þessir hópar voru börn af erlendum uppruna, börn úr dreifbýli, börn með fötlun, börn í Hofgarði og ungt fólk í atvinnulífínu. Niðurstöðum rýnihópa er fléttað inn í heildarniðurstöðurnar hér á eftir.

Hér kemur stutt samantekt á heildar niðurstöðum þingsins en þar á eftir verður fjallað stuttlega um helstu niðurstöður í hverri málstofu. Samantektin er ekki endanlega heldur fylgja fjölmörg gögn sem verða kynnt í nefndum og stofnunum og gefa öllum tækifæri til að grípa strax til aðgerða á ákveðnum sviðum.

Niðurstöður barna- og ungmennapings gefa skýra mynd af hugmyndum barna og ungmenna um samfélagið og hvað þau telja mikilvægt. Þau lýsa samfélagi þar sem vinátta, öryggi og samvera eru grunnstoðir, en þar sem þörf er á fleiri tækifærum, fjölbreyttara starfi og betri tengingum milli kynslóða. Þau vilja gott skólastarf sem hlustar, íþróttaaðstöðu sem nær utan um alla, gott félagslíf sem er ekki bundið við áfengi, öruggar gönguleiðir, hreint umhverfi og atvinnutækifæri sem virða ungt fólk sem fullgilda þátttakendur í samfélaginu.

Í öllum málstofum kom fram mikill kraftur og jákvæður vilji ungs fólks til að taka þátt, hafa áhrif og byggja upp betra, blómlegra og mannúðlegra samfélag. Niðurstöðurnar sýna að ungt fólk er ekki bara að óska sér breytinga heldur leggur það fram skýrar, raunhæfar hugmyndir um hvernig bæta má líðan, aðstöðu, þjónustu og daglegt líf allra íbúa. Það sem skín hvað sterkast í gegnum allt þingið er hve allar umræðurnar urðu metnaðarfullar og áhugavert að sjá allar málstofur próast yfir í samtal um aðstöðu sem stutt gæti við meiri samskipti og meira félagslíf.

Unga fólkíð vill meiri skapandi kennslu, betri leik- og útisvæði, fjölbreyttar íþróttir (ekki bara keppnis), aðgengilegan stuðning, bíó, kaffihús, viðburði fyrir alla aldurshópa og stað þar sem þau geta einfaldlega verið. Spjallað, spilað, hreyft sig, skapað og notið þess að vera hluti af samfélagi sem tekur þau alvarlega.

Þessi greinargerð getur hjálpað fullorðnu fólki, nefndarfólki, starfsfólki og stjórnendum að taka tillit til radda barna og ungmenna við ákvarðanatöku. Þannig að skoðanir barna verði ekki aukaatriði heldur mikilvægt framlag þeirra sem þekkja best hvernig er að alast upp í sveitarfélaginu í dag. Með því að lesa nánar sérðu svart á hvítu hversu ríkur auður býr í hugmyndum þeirra og hversu skýrar leiðbeiningar þau gefa ef við viljum byggja upp sterkara og betra samfélag.

Málstofa 1: Gott skólastarf, góður skóli

1. Hvað er gott við skólastarfið?

Nemendur nefna jákvætt andrúmsloft, góðan félagsanda og að flest starfsfólk sé hjálpsamt og skemmtilegt. Þeim finnst gott að hafa frelsi í frímínútum, sérstaklega þegar hægt er að vera inni eða í íþróttahúsinu. Borðtennisborð, félagsleg verkefni, skemmtileg kennsla og öruggt umhverfi vekja ánægju. Sumum finnst maturinn finn og margir meta að hægt sé að hafa áhrif á skólastarfið í gegnum samtal við starfsfólk.

2. Hvernig væri hægt að gera skólastarfið betra?

Nemendur vilja fjölbreyttari kennslu, meir skapandi kennslu, verklegt nám og fleiri skemmtileg verkefni og ferðir. Þau vilja lengri frímínútur, meira frelsi í dagskipulaginu og minni áherslu á bóklegt nám. Margir nefna styttri stundatöflu og að skóladagurinn hefjist seinna. Einnig er áberandi krafa um minna skriflegt álag, sérstaklega í FAS.

3. Hvernig geta kennarar og stjórnendur hlustað betur?

Nemendur vilja að starfsfólk taki ábendingum þeirra alvarlega, að þeir hafi rými til að segja sína skoðun og að hugmyndir þeirra hafi vægi. Þau vilja sjá opnara samtal, regluleg tækifæri til umbótaumræðu og að rödd nemenda vegi raunverulega í ákvörðunum.

4. Hvernig lærir þú best?

Flestir nefna að þeir læri best þegar markmiðin eru skýr og kennslan markviss og áhugaverð. Þegar þeir fá að vinna í hóp, hreyfa sig eða gera verkefni sem tengjast raunveruleikanum. Að hafa vinnufrið, tónlist í eyrum og sveigjanlegar námsaðstæður skiptir líka máli.

5. Hvers konar kennslu vildu nemendur sjá meira af?

Meira verklegt nám, skapandi smíðjur, fjölbreytt val, hópavinna, þemaverkefni og óhefðbundnar kennsluáðferðir. Einnig var kallað eftir meiri lífsleikni og námskeiðum sem undirbúa fyrir fullorðins lífið—fjármál, réttindi, hagnýta færni o.fl. FAS-nemendur vilja fleiri listáfangi og minnka möppuvinnu.

6. Hvað mætti breytast í skólakerfinu á landsvísu?

Styttri vinnu/skólavika, seinni morgnari og meira frelsi fyrir nemendur. Fleiri valkostir í efri bekkjum, betra félagslíf í framhaldsskólum og aukin áhersla á verklegt nám og fjölbreytt fagúrval. Margir nefna að áherslan á bóklegt nám sé of mikil og að skólakerfið sé of stíft.

7. Hvernig væri hægt að bæta aðstöðuna?

Aðstaða inni:

- Betri matsalur, fleiri og betri stólar/borð, meiri rými og snyrtilegri umgjörð.
- Hvíldarrými með róandi umhverfi, tónlist og þægilegum húsgögnum.
- Sófa og stóla á bókasafni, stærra vinnuplássi, fleiri gluggar og betri hitastýring.
- Örbylgja, samlokugrill, sjoppa og betri aðstaða í valgreinum og smíðjum.

Aðstaða úti:

- Laga og endurnýja skólalóðir: trampólín, klifurgrind, aparóla, kóngulóaróla, rólur, gervigras og fleiri leiktæki.
- Hoppibelgur oftari í gangi, blakvöllur og fleiri boltar/leiktæki.
- Meira skjól og rými fyrir eldri og yngri saman.

8. Aðgengi að stuðningi í skólanum

Aðgengi að umsjónarkennurum er yfirleitt gott, en nemendur vilja fleiri tækifæri til samtals.

Aðgengi að náms- og starfsráðgjafa er sæmilegt, en má vera skýrara og reglulegra.

Nemendur nefna að hjúkrunarfræðingur mætti vera oftari til staðar ekki endilega lengur á hverjum degi bara oftari.

Aðgengi að sálfræðingi sé ekki nægjanlega sýnilegt eða einfalt og þarf að bæta. Margir vita ekki að þeir geti leitað til sálfræðings.

Sumir vilja betra aðgengi að ritara, kennurum og öðrum stuðningsaðilum í daglegu starfi.

Einnig komu fram óskir um meira samstarf milli FAS og Grunnskólans.

Málstofa 2: Íþróttir, hreyfing, útisvæði og leikvelli

1. Vantar eitthvað í íþróttaaðstöðuna?

Já – yfirgnæfandi fjöldi telur að aðstaðan þurfi stóraukið rými og gæði. Helstu atriði voru:

- **Stærri íþróttahús** með fleiri völlum, stærri stúku, góðu styrktarrými og betri fimleikaaðstöðu.
- **Ný og betri líkamsrækt**, þar sem núverandi húsnæði er talið gamalt, þröngt og illa loftræst.
- **Löglegt og upphitað gervigras**,
- **Endurbætur á körfuboltavelli á miðsvæðinu og betri blak- og boltavelli úti**
- **Endurbætur á Bárinni**: laga loftið, bæta þrif og fá hita í Bárna.
- Margir nefndu einnig betra æfingasvæði fyrir fótbolta, stærri fótboltahús og almennar lagfæringar á íþróttasvæðum.

2. Hvað er skemmtilegast við íþróttastarfið?

Ungt fólk leggur áherslu á **félagslífið**, gleðina, samveruna og að geta stundað íþróttir án mikillar keppnispressu. Körfuboltaleikir og hópíþróttir skapa stemningu. Fyrir suma eru einstaklingsíþróttir eins crossfit eða sund jafn mikilvægar.

3. Þörf á fjölbreyttari íþróttum?

Já – og áherslan var mikil. Nefndar voru m.a. sjálfsvarnaríþróttir, handbolti, box, tennis, badminton, bogfimi, skautar, hjóleiðar, akstursíþróttir, dans, glíma, flag football og fleiri. Fram kom að námskeið í mörgum þessar íþróttir myndu duga. Einnig nefndu margir að mikilvægt væri að greinarnar væru ekki í samkeppni um sama hóp iðkenda, heldur byggðu upp fjölbreytta hreyfingu fyrir alla.

4. Hvað þarf til að þjálfarar komi frekar hingað?

- **Aðstaða sé góð og nútímaleg**, bæði til æfinga og afnota fyrir þjálfara.
- **Húsnæði fyrir þjálfara** sé í boði, ásamt betri stuðningi og móttöku.
- Umhverfi sé öruggt, skipulagt og vel hugsað.
- Fleiri börn og ungmenni séu virkir iðkendur, svo greinar blómstri.

5. Er líkamsrækt nauðsynleg?

Mikil samstaða var um að líkamsrækt sé **mjög mikilvæg** bæði fyrir líkamlega og andlega heilsu. Hún styrkir sjálfmynd, félagsfærni, heilsu og veitir mörgum öruggt rými til að hreyfa sig á eigin forsendum. Það þarf þó rúmgóða aðstöðu þar sem fólk hefur svigrúm til að æfa. Núverandi aðstaða er kominn á tíma og er alltof lítil. „Maður vill geta lyft án þess að sleikja svitann af næstu manneskju“ voru orð sem komu fram.

6. Af hverju eru útisvæði og leikvelli mikilvæg?

Þau skapa heilbrigða daglega hreyfingu, gefa rými til samveru og draga fólk út í ferskt loft. Góð útisvæði styðja við félagslíf barna, unglinga og fjölskyldna og eru sérstaklega mikilvæg því margir hittast úti eða í almenningsrýmum.

7. Hvaða útisvæði og leikvelli vill ungt fólk?

- Fjölbreytt útisvæði fyrir ólíkan aldur.
- Hreystibrautir, liðleikjateki, trampólín, klifurvegg og stöðuga uppfærslu leikvalla.
- Endurnýjun á **aparólunni við Hafnarskóla** sem talin er ónýtt og hættuleg.
- Betri körfuboltavelli, hjólabrettasvæði, svæði sem styður við adrenalínleik og upplýst skauta svæði.
- Nýir eða endurbættir leikvelli, leiktæki á miðsvæði og í hverfum eins og Nesjahverfi, við Hrollaugstaði og í Hofgarði.

8. Hvar mætti bæta útisvæði fyrir ungt fólk?



- Nýta svæði **við bryggjuna** betur og tengja sjóinn inn í afþreyingu.
- Gera meira úr útsvæðinu **fyrir aftan Fiskhólinn**.
- Bæta miðsvæðið, sparkvöll og aðstöðu við skóla.
- Stækka og fegra golfsvæðið og
- Laga göngustíga og bæta lýsingu.

Niðurstaða

Ungt fólk á Höfn vill samfélag sem gerir þeim kleift að hreyfa sig, vera saman og prófa nýjar greinar. Það kallar á:

- Betri og stærri íþróttaaðstöðu bæði úti og inni
- Fjölbreyttar íþróttir og aðgengilega þjálfara.
- Betri líkamsrækt.
- Örug, fjölbreytt og skemmtileg útsvæði.
- Staði til að hittast, bæði inni og úti.

Ungmennu eru tilbúin að taka þátt – og vilja að samfélagið sé tilbúið að mæta þeim.

Málstofa 3: Öryggi, umhverfi og skipulag

Í umræðum málstofunnar kom skýrt fram að öryggi snýst ekki aðeins um umferð og innviði, heldur líka tilfinninguna um að líða vel, vera í góðu samfélagi og búa í hreinu og aðgengilegu umhverfi. Flestir krakkar líta á öryggi sem eitthvað sem tengist heimilinu, fjölskyldunni og því að eiga góða vini. Að fólk sé gott hvert við annað skiptir miklu máli og mörg börn nefndu sérstaklega að það væri öryggi í því að vera laus við stríð, eiga góða foreldra og hafa stuðning ef eitthvað kemur upp á.

Öryggi barna og hvernig má auka það

Það sem var ofarlega á baugi er að börn upplifi öryggi í sínu daglega lífi, bæði heima og úti. Til að auka öryggi barna þurfum við:

- Betra aðgengi að upplýsingum um hjálp og stuðning, t.d. sálfræðinga í skólanum, þar sem margir nefndu að þeir vissu ekki að slík þjónusta væri til eða hvernig ætti að nálgast hana.
- Félagslegt öryggi: að draga úr einelti, vera góð við hvert annað og skapa umhverfi þar sem allir fá að vera þeir sjálfir.
- Tryggja öruggt heimili og góðan stuðning frá fullorðnum.

Öryggi í umhverfi okkar

Í nærumhverfinu er ýmislegt sem má bæta. Þátttakendur bentu á að Höfn sé vissulega öruggur staður með litla umferð og fábrotið álag, en að það vanti úrbætur í grunninnviðum. Mikilvægustu atriðin voru:

- Sérmerktir hjólastígar og hjólastígur út úr bænum, sem fékk hæstu einkunn allra tillagna. Þetta eykur bæði öryggi og hvetur til hreyfingar.
- Að laga og bæta gangstéttir, gangbrautir og aðgengi fyrir gangandi og hjólandi. Silfurbrautin var aftur nefnd sem mjög brýnt verkefni.
- Hreint umhverfi: víða þarf að hreinsa betur til, m.a. við Hafíð þar sem mikið er af glerbrotum, og setja fleiri litlar ruslatunnur með reglulegu millibili og ekki hafa of hátt upp í þær.

Umferð – hvað mætti bæta?

Krakkar tóku fram að á Höfn sé lítil umferð og almennt sé bærinn öruggur. En samt er ýmislegt sem hægt er að gera til að bæta umferðaröryggi:

- Fjölga umferðarmerkingum og bæta upplýsingar fyrir bæði íbúa og ferðamenn.
- Setja nýjar eða endurskoða hraðahindranir (sumir vildu fleiri, aðrir færri).
- Auka fræðslu, t.d. um endurskinsmerki, notkun hjálma og almenn umferðarreglur.

- Bæta útskot á þjóðvegum fyrir ferðamenn.

Hjólastígar og gönguleiðir

Umræðan var mjög skýr: það vantar hjólastíga og betri tengingu milli hverfa og út úr bænum. Einnig þarf að:

- Laga holóttu vegi og gera stíga stöðugri.
- Koma upp nýjum göngustíg, t.d. bak við Fiskhólinn.
- Tryggja greiðar og öruggar leiðir, m.a. með gangbraut við Heppu og Pakkhúsið.

Lýsing

Lýsing var stórt mál, sérstaklega á gönguleiðinni meðfram sjónum þar sem mjög dimmt er að vetrarlagi. Krakkar nefndu bæði bilaða ljósastaura og ljósastaura sem líta út fyrir að geta fokið um koll. Fleiri ljós og betri viðhald er nauðsynlegt til að tryggja öryggi á kvöldin og í myrkri. Munum að börnin ferðast oft öðruvísi um umhverfið og eru oft á hjólum í myrkri.

Það sem skiptir líka máli þegar rætt er um öryggi

Auk innviða og umferðar kom margt annað fram:

- Andlegt og félagslegt öryggi: að við séum góð hvert við annað og að draga úr slúðri og fordómum.
- Að samfélagið hugsi ekki aðeins um ferðamenn, heldur fyrst um íbúa.
- Að fólk hafi upplýsingar um þjónustu og stuðning sem í boði er.
- Að umhverfi sé vel skipulagt, hreint og aðgengilegt þannig að allir geti tekið þátt.

Málstofa 4: Félagslíf og viðburðir

Í rýnihópum kom fram að ungmenni hittist víða: í heimahúsum, í Þrykkjunni, í sundi, á bókasafni og við Nettó, Olís og N1. Þau vilja staði þar sem þau geta **bara verið** – spilað, rætt saman, drukkið kakó, hlustað á tónlist eða spilað tölvuleiki. Margir nefndu að það vantaði **kaffihús, bakarí, leikjasal eða „cozy“ herbergi** fyrir ungmenni.

Ungt fólk á Höfn lýsir félagslífi í sveitarfélaginu sem almennt góðu en óskar eftir meiri fjölbreytni og viðburðum sem ná til fleiri aldurshópa. Gott félagslíf er að þeirra mati byggt á vináttu, trausti, fordómaleysi, öryggi og tækifærum til að hittast án þess að þurfa að drekka. Mikilvægt er að geta hist á stað þar sem öllum líður vel, óháð aldri.

Félagslífið á Höfn er að stórum hluta bundið við íþróttir, þar sem samheldni og hópastarf skapar sterka stemningu. Þó telja ungmenni að of lítið sé í boði fyrir þá sem ekki stunda íþróttir eða drekka áfengi. Það eru fáir staðir séu til að hittast á auk þess sem erfiðlega gengur að miðla upplýsingum þegar Eystrahorn er ekki lengur starfandi.

Ungt fólk vill að félagslíf í skólanum sé fjölbreyttara og innihaldi fleiri viðburði og samveru, t.d. bíókvöld í Nýheimum, smærri hátíðir og skemmtidaga. Fyrir utan skólann vilja þau sjá aukna viðburðadagskrá, svo sem fótboltamót, Hafnarhittinga, firmamót ungmenna og fleiri jólamarkaði. Fatamarkaðir, kaffihús og bakarí voru nefnd sem uppbyggileg samfélagsverkefni sem gætu tengt ólíka aldurshópa.

Margir nefna að Þrykkjan skipti miklu máli fyrir yngra fólkið, en þar vanti nýjan sófa, fleiri leiktæki og uppfærslu á aðstöðunni. Einnig var óskað eftir fleiri hópátímum í ræktinni – Hot Fit, zumba og byrjendatímum, sem henta nýjum iðkendum.

Þegar spurt var hvað ungmennin vildu helst gera á Höfn var algengt svar að þau gætu ekki alltaf gert það sem þau vilja vegna skorts á aðstöðu, viðburðum eða hentugum samverustöðum. Vöntun er á

öruggum, opnum samfélagsrýmum sem eru ekki tengd áfengi, og sum nefna þörf á ungmennahúsi eða félagsmiðstöð fyrir eldri unglinga og jafnvel samfélagsmiðstöð.

Að lokum kom fram að mikill vilji er til að skapa lifandi, aðgengilegt og fjölbreytt félagslíf þar sem fólk á öllum aldri getur hist, kynnst og tekið þátt. Að fólk ætti að horfa minna til 18+ viðburðar og bjóða unga fólkinu að vera með, hvort sem það er í íþróttum, skapandi verkefnum eða einfaldlega í afslóppuðu rými til að „hanga“. Ungafólkið vill tilheyrja.

Málstofa 5: Fjölskylda, vinir, heilsa, samskipti og samfélag

Í umræðum allra hópa kom skýrt fram að **félagslíf, vinir og góð samskipti** skipta ungt fólk gríðarlega miklu máli. Flestum líður almennt vel, en þó eru alltaf einhverjir sem glíma við erfiðar aðstæður, einelti eða sorg og því er mikilvægt að samfélagið styðji vel við bakið á öllum.

Líðan ungs fólks er sögð misjöfn. Margir finna fyrir þrýstingi eða kvíða og í öllum hópum var nefnt að þau þekktu einhvern sem líður illa. Ástæður geta verið erfiðleikar heima, missir nákomins, skortur á vinum eða félagsleg einangrun. Þegar einhverjum líður illa bregst fólk misjafnlega við. Sumir reyna að hjálpa, spyrja hvort allt sé í lagi og bjóða viðkomandi með en aðrir vita síður hvernig þeir eiga að bregðast við. Krakkar lögðu áherslu á að **fullorðnir þurfi að vera meira til staðar, hlusta og sýna skilning**.

Aðstoð fæst oft hjá **vinum, foreldrum, kennurum og sálfræðingum** en margir töluðu um að það sé **erfitt að komast að hjá lækni eða sálfræðingi** og of langir biðlistar hafi áhrif bæði á líkamlega og andlega heilsu. Því væri mikilvægt að hafa sálfræðing á svæðinu oftast, bæta upplýsingaflæði um úrræði og tryggja að starfsmenn — til dæmis í barnavernd og í skólum — séu vel upplýstir, skilningsríkir og geti vísað áfram.

Krakkar vildu einnig sjá sveitarfélagið styðja betur við fjölskyldur sem eiga í erfiðleikum, t.d. með **styrkjum, fjárhagsaðstoð og ráðgjöf**. Þeir töluðu um að það væri oft auðveldara að tala við einhvern sem maður þekkir ekki og að það væri hjálplegt að hafa símanúmer eins og **112, 1717 og 1700** vel auglýst og sýnilegt.

Til að efla **andlega heilsu** telja krakkar mikilvægt að auka fræðslu, bæta aðgengi að fagfólki, draga úr einelti og skapa fleiri tækifæri til jákvæðra samskipta. Þau lögðu áherslu á að **vinátta byggji á trausti, trúnaði og góðvild**.

Til að efla **líkamlega heilsu** töluðu þau um betri aðgengi að heilbrigðisþjónustu og að hollari kostur mætti vera sýnilegri í verslunum. Þá nefndu þau að skortur væri á stöðum þar sem ungmenni geta hist – til dæmis **kaffihúsi eða félagslegum samverustöðum**, sem myndi styrkja bæði líðan og samfélagstengsl.

Að lokum lýstu krakkar Höfn sem **ágætis samfélagi**, þar sem flestir eru góðir hvert við annað. Þau sögðu þó mikilvægt að viðhalda virku félagslífi, sýna velvild í verki og tryggja að enginn standi einn.

Fræðsla sem þau vildu sjá meira af: Úrræði og hjálparleiðir, andleg heilsa, samskipti, réttindi barna og hvernig hægt er að bregðast við þegar einhverjum líður illa.

Málstofa 6: Atvinna

Ungmennin á Höfn lýsa því að almennt sé auðvelt að fá vinnu ef maður sækir um en að vinnuframboðið mætti vera bæði fjölbreyttara og betur lagað að ungum einstaklingum. Margir nefna að það skorti störf sem hægt sé að vinna með skóla, t.d. styttri vaktir nokkrum sinnum í viku. Einnig telja þau að stundum sé erfitt að fá vinnu við hæfi eða tengda framtíðarnámi og að það vanti sérsniðin tækifæri fyrir ungmenni.

Flestir sjá þó góða möguleika almennt í sveitarfélaginu, þar sem mörg fyrirtæki eru starfandi og vaktavinna víða í boði. Þrátt fyrir það finnst mörgum að atvinnulífið sé of mikið miðað við ferðapjónustu og að lítið sé af „venjulegum“ eða fjölbreyttum störfum bæði fyrir ungmenni og framtíðarstarfsfólk. Ungir íbúar nefna einnig að þeir gætu vel hugsað sér að búa áfram á Höfn en sumir sjá takmarkaða möguleika á að vinna við draumastörf sín nema þeir fari annað, t.d. til Reykjavíkur eða Vík í Mýrdal.

Vinnuskólinn fær blandaðar umsagnir. Ungmennin vilja hærri laun, minni launamun á milli árganga og fjölbreyttari verkefni. Ekki bara raka og reita arfa. Þau nefna að uppfæra þurfi áhöld og að það sé mikilvægt að hafa eldri og reynslumeiri flokkstjórar sem hafa áhuga á vinnunni sinni og gætu bætt starfsandann.

Annað sem kemur sterkt fram er þörf fyrir meiri þjónustu og félagslegan vettvang í bænum. Ungmennin nefna mjög oft að þau vilji ísbúð, bakarí og fleiri búðir, bæði sem möguleg störf og sem staði til að hittast og byggja upp samfélag. Einnig koma fram hugmyndir um kaffihús eða „skvísudjobb“, vinnu þar sem hægt er að vera snyrtilegur og í fallegu umhverfi.

Varðandi opinber störf telja ungmennin að lögreglan sé undir miklu álagi og að fjölga þurfi starfsfólki þar vegna stórs og dreifðs svæðis. Öryggi og góð þjónusta sé mikilvæg grunnforsenda fyrir því að ungmenni sjái fyrir sér framtíð á svæðinu.

Að lokum nefna þau að bæta þurfi kynningu á verkefnum eins og HeimaHöfn og fjölga tækifærum til að tengja ungmenni við atvinnulífið, þar á meðal með námskeiðum (t.d. skyndihjálp), sveigjanlegum hlutastörfum og störfum sem hæfa fjölbreyttum áhuga og getu.